

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 29. mars 2004
AG-MAL-000413

**Allsherjarnefnd Alþingis sendir Umferðarstofu
til umsagnar frumvarp til áfengislaga, 163. mál,
aldursmark, og frumvarp til laga um gjald af áfengi
og tóbaki, 164. mál, framlag til Forvarnasjóðs.**

Vísað er til bréfs allsherjarnefndar, dagsetts 9. mars 2004.

Það er alkunna að mikið bölg fylgir ofneyslu áfengis hér á landi og er það tilgangur áfengislaganna nr. 75/1998 að vinna gegn misnotkun áfengis, sbr. 1. grein þeirra.

Aðalmarkmiðið með því að setja umferðarreglur og vinna að umferðarmálum er að bæta öryggið í umferðinni og stuðla að því að sem fæst slys verði og sem minnst tjón í umferðinni.

Með frumvarpi, sem hér er til umsagnar, er lagt til að aldursmörk til kaupa og neyslu á léttvíni og bjór verði færð úr 20 ára aldri niður í 18 ára aldur.

Fyrsti málsliður 1. mgr. 18. gr. áfengislaganna er svohljóðandi:

„Óheimilt er að selja, veita eða afhenda áfengi þeim sem er yngri en 20 ára.”

Breytingartillaga í frumvarpinu:

Í stað 1. málsliðar 1. mgr. 18. gr. áfengislaganna komi tveir nýir málsliðir, svo hljóðandi:

„Óheimilt er að selja, veita eða afhenda áfengi þeim sem er yngri en 18 ára. Þó er óheimilt að selja, veita eða afhenda áfengi sem hefur meiri vinandastyrkleika en 22% þeim sem er yngri en 20 ára.”

Dómsmálaráðherra setti á laggirnar í janúar 1999 sex manna nefnd sem falið var það verkefni að kanna hvort æskilegt væri að breyta áfengiskaupaaldri hér á landi. Um störf nefndarinnar er fjallað í skýrslu ráðherra um áfengiskaupaaldur sem lögð var fram á Alþingi 1999, þskj. 1378.

Það er skoðun Umferðarstofu að niðurstaða nefndarinnar eigi jafnt við nú og 1999 og er af hálfu Umferðarstofu tekið undir það sjónarmið að þau neikvæðu áhrif, sem lækkun áfengiskaupaaldurs hefðu í för með sér, vegi þyngra en það sem mælir með lækkun.

Markmið með skilgreiningu áfengiskaupaaldurs í lögum er fyrst og fremst að draga úr misnotkun áfengis og skaðsemi af völdum áfengisneyslu.

Hjá öikumönnum á aldrinum 17-20 ára verða flest og alvarlegustu ölvunarslysin. Slysatiðni er almennt hæst hjá öikumönnum þessa aldurshóps.

Lækkun áfengiskaupaaldurs getur haft í för með sér að yngri aldurshópar eiga greiðari aðgang að áfengi. Í framhaldsskólum er aldur nemenda almennt á bilinu 16-20 ár. Unglingar á aldrinum 16-18 ára ganga því í skóla með þeim sem eldri eru. Yrði því aðgangur þess aldurshóps greiðari að þeim í hópi skólafélaganna sem gætu útvegað áfengi, yrði 18 ára og eldri heimilað að kaupa áfengi. Með því ykjust líkur á áfengiskaupum og áfengisneyslu framhaldsskólanema. Sama gæti eftir atvikum gilt á vinnustöðum.

Því hefur verið haldið fram að ungt fólk eigi greiðan aðgang að áfengi burt séð frá aldursmörkum varðandi áfengiskaup. Hætt er þó við að áfengiskaupaheimild til ungmenna, 18 og 19 ára mundi leiða til aukinna kaupa og aukinnar neyslu í þeim aldurshópi.

Niðurstaða rannsókna benda til þess að því yngri sem unglingar eru þegar þeir byrja að neyta áfengis því meiri hætta sé á að þeir þurfi að glíma við alvarleg vandamál tengd neyslunni síðar á ævinni. Ísland skipar sér á bekk með þeim þjóðum í Evrópu þar sem hvað lægst hlutfall unglinga hefur neytt áfengis.

Það er skoðun Umferðarstofu að bæta mætti um betur forvarnar- og eftirlitsstarf til þess að draga úr framboði og þó einkum eftirspurn ungmenna eftir áfengi með. Má þar nefna aukna fræðslu, áróður og ýmsar félagslegar aðgerðir. Lagt er til að Alþingi beiti sér sérstaklega í þessu efni.

Náist marktækur árangur í forvarnar- og eftirlitsstarfi og takist að draga úr fjölda þeirra slysa sem ungir öikumenn valda og rekja má til ölvunarástands þeirra væri ef til vill tímabært, þá og þegar, að endurskoða reglur áfengislaga um aldursmörk til kaupa á áfengi.

Umferðarstofa mælir eindregið með því framlag í forvarnarsjóða verði hækkað með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í frumvarpi til laga umbreytingu á lögum nr. 96/1995, sbr. þskj. 166.

Í greinargerð með frumvarps er því lýst að flutningsmenn leggi áherslu á að kannað verði hvort ekki eigi að lækka leyfilegt áfengismagn í blóði við akstur. Af hálfu Umferðarstofu er mælt með því að leyfilegt áfengismagn í blóði 17-20 ára öikumanna við akstur verði lækkað í 0 prómill.

Einnig er því lýst í greinargerðinni að flutningsmenn telji rétt að kanna vandlega hvort ekki skuli lækka aldur til ökuleyfis úr 17 í 18 ár. Umferðarstofa mælir með því að það atriði verði athugað nánar. Í því sambandi er vakin athygli á reglum um akstursmat sem tóku gildi 1. janúar 2003 sem fela í sér sérstaka athugun á ökuhæfni öikumanns sem hefur bráðabirgðaskírteini fyrstu tvö árin sem hann hefur ökurétt, ökuréttindi B. Þá er einnig rétt að kanna hver þáttur ungra öikumanna síðustu árin er í slysum þar sem, m.a. þegar ökumaðurinn hefur verið undir áhrifum áfengis.

Með frumvarpinu, sem hér er til umsagnar, er, eins og hér að framan er vísað til, lagt til að aldursmörk til kaupa og neyslu á léttvíni og bjór verði færð úr 20 ára aldri niður í 18 ára aldur. Umferðarstofa leggst gegn efni frumvarpsins. Verði hins vegar að ráði



UMFERÐARSTOFN

að breyta áfengislögunum með þeim hætti sem frumvarpið gerir ráð fyrir, er lagt til að tveir nýir málslíðir sem komi í stað 1. málslíðar 1. mgr. 18. gr., verði þannig orðaðir:
„Óheimilt er að selja, veita eða afhenda þeim áfengi sem er yngri en 20 ára með þeirri undantekningu að þeim sem er orðinn 18 ára má selja, veita eða afhenda áfengi sem hefur minni vinandastyrkleika en 22%.

Virðingarfyllst,

William Thomas Möller